

að verða mjög sterk innan þýzka veldisins, og er það á vitorði flestra, að til þeirra teljast fullur helmingur háskólakennara landsins. Það heyrðist auk heldur, að um þingkosningarnar síðustu hefði Vilhjálmur keisari verið alvarlega að hugsa um, hvort ekki væri tími tilkominn, að nema úr lögum ríkiskyrkjuna. — Kyrkju-tímarit landsins eru altaf að verða víðsýnni og frjálslýndari, og rekur þar nú hver ritgerðin aðra eftir helztu fræðimenn Norðurlálfunnar. Alt þetta hefir áhrif á hugsunarhátt almennings, sem óðum er að hneigjast í frjálslýnda átt.

Sömu fréttir berast frá Bæheimi og Austurríki, og er „Los von Rom“ hreyfingin búin að ná mikilli fótfestu. Formaður þessarar stefnu, Tomas Masaryk kennari við háskólann í Prag, hefir orðið fyrir miklum ofsóknum frá kaþólika hálfu og hefir hann nýlega gefið út bók um það efni, er hann nefnir „Kathetenspiegel“. Í henni flettir hann hlífðarlaust ofan af rígg, undirferli, hrænsi og fláttskap páfatrúarklerka, og hefir það orðið til þess að félag hans hefir stórum vaxið að virðingu og kröftum. Það má lítillaga marka hver dugur er í þessari hreyfingu, að síðan 1898 hafa bæzt 200 nýir söfnuðir við félagið.

Suður um Ítalíu og Spán er vaknaður sami áhuginn með að hreinsa til í trú meðal æðri stéttar manna. Ítalía er að nafninu kaþólsk, en meðan á trúaræsingnum stóð á Frakklandi lá við borð að slægi í almennar óeirðir gagnvart páfanum. Og síðan hafa þotið upp víðsvegar um landið alskonar félög, sem biðja um algerðan aðskilnað ríkis og kyrkju. Má af því marka, að nafnið eitt getur lítið til kynna hverju maðurinn trúir innan orþódoxu kyrkjunnar meðan ekkert tillit er tekið til neins annars. Þó á það að líkindum eftir að koma betur í ljós síðar, bæði þar og víðar.

Eins og kunnugt er hefir verið rýmt mikið um hagi manna innan rússnesku kyrkjunnar. Hún er ekki lengur einvöld þar í landi, heldur getur nú hvaða protestantiskur trúarflokkur sem er reist sér þar kyrkju, myndað söfnuði og fengið lagalega vernd, þegar um lög er að ræða.

Þá er ekki minna um vert frangang þann sem Unitarar hafa átt í Bandaríkjunum og á Englandi. Á þessum vetri ein-